

**Tillaga fulltrúa Framsóknar um greiningu á áformum um styttingu atvinnuleysisbótaréttar á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar**

Óskað er eftir greiningu á áhrifum áforma ríkisstjórnarinnar um styttingu á atvinnuleysisbótarétti á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar.

**Greinargerð:**

Óskað er eftir því að velferðarsvið greini áhrif áforma ríkisstjórnarinnar um styttingu á atvinnuleysisbótarétti á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar. Áhyggjur er uppi um að þetta geti gert það að verkum að einstaklingum á fjárhagsaðstoð fjölgi. Mikilvægt er velferðarráð fái upplýsingar um hversu margir einstaklingar eru á fjárhagsaðstoð sem klárað hafa bótaréttinn sinn hjá Vinnumálastofnun og hvort það sviðið hafi áhyggjur af því að þeim aðilum muni fjölga með styttingu atvinnuleysisbótaréttar.